

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975,
með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- A. Fastagjald kr. 2 200.00 á mánuði fyrri hvern aðalhemil.
B. Vatnsgjald kr. 3 700.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

6. gr. orðist svo:

Heimæðagjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli kr. 230 000.00 og síðan kr. 460.00 fyrir hvern m³ þar yfir.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 16. maí 1980, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. HEITT VATN

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 195.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 53 600.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: Fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 0.8 l/mín. fyrir hverja 100 m³ en fyrir iðnaðarhúsnæði 0.5 l/mín. fyrir hverja 100 m².

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. MÆLALEIGA

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákvæður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

- | | |
|---------------------------|------------------|
| 1. Fyrir mæla allt að ¾" | kr. 2 070 á mán. |
| 2. Fyrir mæla frá 1—2" | — 2 870 á mán. |
| 3. Fyrir hemla allt að ¾" | — 2 070 á mán. |
| 4. Fyrir hemla frá 1—2" | — 2 870 á mán. |

III. HEIMÆÐAGJALD

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m³ kr. 413 000.00.

400 til 2000 m³. kr. 413 000.00 af 400 m³ + kr. 344.00 á m³ þar yfir að 2000 m³.

2000 m³ kr. 963 400.00 + kr. 282.00 á m³ þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 71 000.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 4 150.00.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Selfoss er hér með staðfest samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 16. maí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 245 8. júní 1977,
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald kr. 16 840.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.